

12. desember 2022



Stuðningur stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Stuðningur stjórnvalda

Aðgerðir stjórnvalda styðja við markmið samninganna um að verja kaupmátt og lífskjör launafólks og skapa forsendur fyrir stöðugleika í efnahagsmálum, lækkun verðbólgu og vaxta.

Aðgerðirnar miða að því að styðja við lífskjör lág- og millitekjufólks með markvissum aðgerðum í **húsnæðismálum** og auknum stuðningi við **barnafjölskyldur**.

Sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna afgreiðslu fjárlaga styðja einnig við og treysta lífskjör.

Fjölgun nýrra íbúða og uppbygging í almenna íbúðakerfinu

Rammasamkomulag ríkis og sveitarfélaga til næstu 10 ára um uppbyggingu **35.000 íbúða til að mæta íbúðapörf ólíkra hópa** þar sem 30% nýrra íbúða verði hagkvæmar á viðráðanlegu verði og 5% félagslegar.

Samningar við einstök sveitarfélög um aukið **lóðaframboð og nauðsynlegan fjárstuðning** til að tryggja íbúðauppbyggingu.

Veitt hafa verið stofnframlög til um 3.000 íbúða á síðustu árum. Áfram verður unnið að öflugri **uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu** sem er mikilvægur liður í að tryggja húsnæðisöryggi tekjulægri heimila.

Stofnframlög ríkisins til almenna íbúðakerfisins verða **4 ma.kr. á árinu 2023.**

Betri húsnæðisstuðningur

Endurbætur verða gerðar á húsnæðisstuðningi í samræmi við tillögur starfshóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um beinan húsnæðisstuðning.

Húsnæðisbætur til leigjenda hækka um 13,8% í upphafi árs 2023 til viðbótar við 10% hækkun í júní 2022. Tekjuskerðingamörk húsnæðisbóta hækka um 7,4%.


Eignaskerðingamörk í vaxtabótakerfinu hækka um 50% í upphafi árs 2023.

Heimild til **nýtingar á séreignarsparnaði** til kaupa á íbúðarhúsnæði framlengd til **ársloka 2024**.

Fyrirkomulag sérstaks húsnæðisstuðnings og húsnæðisbóta til leigjenda tekið til skoðunar með það að markmiði að tryggja jafnræði og einfalda kerfið fyrir leigjendur.

Hækkun húsnæðisbóta

Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta



**13,8% hækkun húsnæðisbóta,
sem nemur 1,1 milljarði króna**


**Heildarhúsnæðisbætur
9,6 milljarðar króna 2023**

**16.800 heimili fá
húsnæðisbætur**


Dæmi um hækkun vaxtabóta




Stílfært dæmi um hækkun vaxtabóta einhleypings með 400 þús.kr. í mánaðartekjur *




Stílfært dæmi um hækkun vaxtabóta einhleypings með 600 þús.kr. í mánaðartekjur*



Stílfært dæmi um hækkun vaxtabóta einstæðs foreldris með 400 þús.kr. í mánaðartekjur*



Stílfært dæmi um hækkun vaxtabóta sambúðarfólks með 800 þús.kr. í mánaðartekjur**



*Skuldar 20 m.kr., á 7 m.kr. auð og greiðir 1,5 m.kr. árlega í vaxtagjöld. **Skulda 20 m.kr., eiga 10 m.kr. auð og greiða 1,5 m.kr. árlega í vaxtagjöld.



Barnabætur

Barnabótakerfið **einfaldað**, stuðningur við barnafjölskyldur **efldur**.

Fjölskyldum sem njóta stuðnings **fjölgað um 2.900**.

Dregið úr skerðingum og jaðarskattar af völdum barnabóta lækkaðir.

Teknar verða upp **samtímagreiðslur barnabóta** þannig að biðtími eftir barnabótum verði aldrei lengri en 4 mánuðir eftir fæðingu barns.


Markmið breytinga á barnabótum



**Betri og skilvirkari
stuðningur til
foreldra**



**Minni skerðingar
og lægri
jaðarskattar**




**Einfaldara
barnabótakerfi**

Ávinningur fyrir fjölskyldur



**2.900 fjölskyldur í
viðbót njóta stuðnings
barnabótakerfisins**



**5 ma.kr. hærri bætur en
fengjust úr óbreyttu
kerfi árið 2024**



**Barnabætur berast allt að 9
mánuðum fyrr eftir fæðingu
barns**

Samtímabarnabætur taka mið af barnastöðu eftir ársfjórðungum

Biðtími eftir barnabótum aldrei lengri en 4 mánuðir

Barn fæðist í janúar



Biðtími eftir fyrstu greiðslu barnabóta ~ 4 mánuðir



Fyrsta greiðsla barnabóta 1. maí

Barn fæðist í apríl



Biðtími eftir fyrstu greiðslu barnabóta ~ 4 mánuðir



Fyrsta greiðsla barnabóta 1. ágúst

Barn fæðist í júlí



Biðtími eftir fyrstu greiðslu barnabóta ~ 4 mánuðir



Fyrsta greiðsla barnabóta 1. nóvember

Barn fæðist í október



Biðtími eftir fyrstu greiðslu barnabóta ~ 4 mánuðir



Fyrsta greiðsla barnabóta 1. febrúar

Einfaldara barnabótakerfi



Núverandi kerfi

Foreldrar í sambúð

- Fyrsta barn: 248.000 kr.
- Börn umfram eitt: 295.000 kr.

Einstæðir foreldrar

- Fyrsta barn: 413.000 kr.
- Börn umfram eitt: 423.000 kr.

Viðbótar barnabætur með börnum yngri en 7 ára (óháð hjúskaparstöðu)

- 148.000 kr. fyrir hvert barn



Nýtt kerfi*

Ein fjárhæð með hverju barni

310.000 fyrir foreldra í sambúð

460.000 fyrir einstæða foreldra

130.000 viðbót fyrir barn yngra en 7 ára

*Fjárhæðir miða við árið 2024, þ.e. eftir fyrirhugaðar hækkningar næstu tveggja ára

Fækkum skerðingarmörkum



Skerðingarmörk í núverandi kerfi

Foreldrar í sambúð

- Neðri mörk: 9.098.000 kr.
- Efri mörk: 12.320.000 kr.

Einstæðir foreldrar

- Neðri mörk: 4.549.000 kr.
- Efri mörk: 6.160.000 kr.



Nýtt kerfi*

Ein skerðingarmörk á hjúskaparstöðu

**9.785.000 fyrir foreldra í
sambúð**

**4.893.000 fyrir einstæða
foreldra**

*Fjárhæðir miða við árið 2024, þ.e. eftir fyrirhugaðar
hækkningar næstu tveggja ára

Eitt skerðingarhlutfall



Skerðingarmörk í núverandi kerfi

Neðri skerðingarhlutföll

- Með einu barni: 4,0%
- Með tveim börnum: 6,0%
- Með þremur börnum eða fleiri: 8,0%

Efri skerðingarhlutföll

- Með einu barni: 5,5%
- Með tveim börnum: 7,5%
- Með þremur börnum: 9,5%

Skerðingarhlutfall
viðbótarbarnabóta:

- 4% fyrir hvert barn



Nýtt kerfi*

Eitt skerðingarhlutfall


5,0%

*Skerðingarhlutföll viðbótarbarnabóta verða enn háð fjölda barna.


Dæmi um hækkun fyrir fjölskyldur




Einstætt foreldri með tvö börn, annað undir 7 ára og 400 þús. kr. í mánaðartekjur




Sambúðarforeldrar með tvö börn, annað undir 7 ára og 400 þús. kr. hvort í mánaðartekjur



Einstætt foreldri með tvö börn, annað undir 7 ára og 600 þús. kr. í mánaðartekjur



Sambúðarforeldrar með tvö börn, annað undir 7 ára og 600 þús. kr. hvort í mánaðartekjur





Önnur mál sem unnið verður að á samningstímanum

Stuðningur til að auka aðhald á neytendamarkaði.

Skoðaðar leiðir til að auðvelda lífeyrissjóðum að fjárfesta í íbúðarhúsnæði til útleigu.

Mat lagt á greiðslur og hámarksfjárhæðir í fæðingarorlofssjóði og ábyrgðasjóði launa með það að markmiði að þær verði endurskoðaðar 2024.

Heildarendurskoðun atvinnuleysistrygginga ljúki eigi síðar en í lok apríl 2023 og unnið að innleiðingu á umbótum.

Málefni og fjármögnun vinnustaðanámssjóðs endurskoðuð í tengslum við fjármálaáætlun til að styðja við markmið um aukið vægi starfsnáms.



Sérstakar aðgerðir ríkisstjórnar vegna afgreiðslu fjárlaga

Tillögur ríkisstjórnarinnar vegna afgreiðslu fjárlaga styðja einnig við markmið samninganna og treysta grundvöll lífskjara.

12 milljarða aukning til heilbrigðismála - bætt í rekstrarfé sjúkrahúsa og heilsugæslu, vinna niður biðlista, auka heimahjúkrun og dreifa betur álagi í heilbrigðisþjónustu.

Hækkun á frítekjumarki örorkulífeyris vegna atvinnutekna í 200.000 kr. á mánuði.

Aukin framlög á sviði almanna- og réttaröryggis.



Stjórnarráð Íslands